



Alþingi Íslands  
v/Austurvöll  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. P 125/798  
komudagur 25.2.2000

06-2  
1.19  
00/120

Mosfellsbæ 23.02.00

Efni: **Bréf Alþingis, dags. 15.02.2000, um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, ásamt fylgiskjölum.**


Á 6. fundi jafnréttisnefndar Mosfellsbæjar, sem haldinn var þriðjudaginn 22. febrúar sl., var fjallað um ofangreint mál og samþykkt svohljóðandi umsögn með þremur atkvæðum:

Jafnréttisnefnd Mosfellsbæjar lýsir sig fylgjandi frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, og telur nýmæli frumvarpsins horfa til framfara í málaflökknum. Jafnréttisnefnd telur rétt að í 12. gr. frumvarpsins verði áréttað að sveitarfélög geti leitað aðstoðar jafnréttisráðgjafa, sem ráðinn verði af félagsmálaráðherra, til að aðstoða þau við að hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum í jafnréttismálum, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Skipulögð vinna að jafnréttismálum er komin skammt á veg í flestum sveitarfélögum landsins. Málaflökkurinn er sérhæfur og nauðsynlegt að sveitarfélög, sérstaklega þau minni, sem eru að hefja skipulagða vinna að málaflökknum njóti sérfræðiaðstoðar til að koma málum af stað. Með því að ráða jafnréttisráðgjafa, sem sinni sveitarfélögum sérstaklega, er unnt að nýta reynslu af jafnréttisstarfi á milli sveitarfélaga og samhæfa aðgerðir sveitarfélaga í jafnréttismálum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

 BÆJARRITARI  
MOSFELLSBÆR

Anna G. Björnsdóttir,  
bæjarritari.